

## Úttektaáætlun 2022

Úttektaáætlun 2022 byggir á Landsbundinni úttektaráætlun til margra ára (LÚMA 2019-2023), endurskoðaðri í september 2020 og á ný í upphafi árs 2021 sem og í september sama ár sökum þeirra truflana sem urðu á allri framkvæmd úttekta á árinu 2020 og 2021 og einnig vegna fyrirhugaðra ytri úttekta ESA á árinu 2021.

Áætlun ársins gerir ráð fyrir þremur úttektum og útfærir nánar umfang þeirra og skipulag. Gert er ráð fyrir að úttektirnar feli í sér vettvangsúttekt, en það bíður úttektarmanna einstakra úttekta að útfæra það endanlega. Sökum Covid-19 var úttektum 2020 nánast alfarið frestað en úttekt á velferð nautgripa hófst að litlum hluta 2020 og verður framhaldið á fyrri hluta 2022. Auðkenni úttektarinnar verður því 2022-01 þar sem langmestur hluti hennar mun fara fram á því ári.

**Úttekt 2022-01 Eftirlit með velferð nautgripa (framhald)**

Úttektarþegi: Matvælastofnun – Svið Samhæfingar og Vettvangseftirlits.

Úttektamarkmið: Að skera úr um hvort eftirlit og eftirfylgni þess með velferð nautgripa sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum og hentugum hætti.

Umfang úttektar: Eftirlit og eftirfylgni þess með velferð nautgripa samkvæmt lögum nr. 55/2013 um velferð dýra og reglugerð nr. 1065/2014 með síðari breytingum.

Um er að ræða eina lárétta úttekt er nær til sviðs Samhæfingar og Vettvangseftirlits og allra umdæma.

**Úttekt 2022-02 Skipulag fóðureftirlits, framkvæmd og eftirfylgni**

Úttektarþegi: Matvælastofnun – Svið Samhæfingar og Vettvangseftirlits.

Úttektamarkmið: Að skera úr um hvort eftirlit með fóðri, skipulag þess og eftirfylgni sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.

Umfang úttektar: Eftirlit með fóðri, skipulag og eftirfylgni þess samkvæmt lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, reglugerða nr. 234/2020 um opinbert eftirlit (EB/2017/625), nr. 107/2010 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður (EB/183/2005), nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis (EB/1069/2009 o.fl.) og nr. 1012/2020 (EB/159/2009) um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri.

Úttektin nær til sviðs Samhæfingar og Vettvangseftirlits og allra umdæma.

**Úttekt 2022-03 Skipulag matvælaeftirlits og eftirfylgni þess og eftirlit með merkingum matvæla**

Úttektarþegi: HES - Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs (HHGK)

Úttektarmarkmið: Að skera úr um hvort verklag við skipulag matvælaeftirlits og eftirfylgni þess og eftirlit með merkingum matvæla sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.

Umfang úttektar: Skipulag eftirlits og eftirfylgni þess og eftirlit með merkingum samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 or reglugerðum nr. 234/2020 (EB/2017/625), reglugerð 1294/2014 (EB/1169/2011) og öðrum afleiddum gerðum eftir því sem við á. Úttektin nær til HHGK.

## Úttektaaðili

Úttektaaðili er gæðastjóri Matvælastofnunar. Úttektaaðili skipuleggur og stjórnar framkvæmd innri úttekta samkvæmt samþykktum úttektaáætlunum. Úttektaaðili skipar úttektarhópa sem í skulu vera minnst tveir úttektarmenn og skal annar

þeirra vera valinn sem úttektarstjóri. Gæðastjóri Matvælastofnunar er að jafnaði úttektarstjóri ef hann er meðlimur úttektarhóps. Úttektaaðili annast útgáfu skilríkja til úttektarmanna sem staðfestingu á umboði þeirra. Úttektaaðili skal tryggja samræmi milli úttektamanna og, í samráði við úttektastjórn, að hæfni þeirra sé viðhaldið.


Á grundvelli samþykkrar úttektaáætlunar skipuleggur úttektaaðili hverja úttekt og skilgreinir umfang hennar og þátttakendur. Til þess að ná markmiðum úttektar getur umfang úttektar náð út yfir og þvert á stjórnsýsluleg mörk og til margra lögbærra yfirvalda.

Úttektaaðili skipar úttektarstjóra fyrir hverja úttekt sem skipuleggur dagskrá úttektar í samráði við yfirmann/yfirmenn úttektarþega. Úttektarskipulag og beiðni um upplýsingar skal sent hlutaðeigandi aðilum eigi síðar en mánuði fyrir fyrirhugaða úttekt.

Úttektarmenn hafa frjálssar hendur og sveigjanleika varðandi frekari skilgreiningu á bæði umfangi úttektar og þeim viðmiðum sem lögð verða til grundvallar. Ofangreind lýsing og upptalning á löggjöf er því eingöngu til viðmiðunar.

Við framkvæmd innri úttekta á opinberu eftirliti er stuðst við leiðbeiningar ÍST EN ISO 19011:2018 og þær viðmiðunarreglur sem koma fram í leiðbeinandi skjali EB 2021/C 66/02 um undirbúning, framkvæmd og meginþætti innri úttekta.

Framkvæmd innri úttekta er eftirfarandi:



Tafla 1. Tímarammi úttekta.

Matvælastofnun  
Innri úttektaáætlun 2022

Úttekt	Úttektaþegar	Febrúar	Mars	April	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember
2021-22-01	Matvælastofnun	Opnunarfundur: 15. febrúar	Vettvangs- úttekt / umdæmi heimsótt								
Eftirlit með velferð nautgripa (frh)		Vettvangs-úttekt / um dæmi heimsótt	Lokafundur: 24. mars								
2022-02	Matvælastofnun							Opnunar- fundur: 19. september			
Föðureftirlit								Vettvangs- úttekt  Lokafundur: 27. september			
2022-03	Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga - HHGK										Opnunar- fundur: 8. nóvember
Skipulag eftirlits og merkingar matvæla											Vettvangs- úttekt  Lokafundur: 10. nóvember

Úttektarstjóri:  
Ásfríður  
Sigurðardóttir -  
Úttektarmaður:  
Ágústa R.  
Jónsdóttir

Tímasetningar úttekta gætu breyst og verða ákveðnar endanlega í samráði við úttektaþega.

Samþykkt í Gæðaráði Matvælastofnunar 8. nóvember 2021,



Hrönn Ólína Jörundsdóttir, forstjóri

Samþykkt í Úttektanefnd 15. desember 2021



Kjartan Hreinsson, formaður

